

Þekkingarnet Austurlands

Menntunarbörf kennara á Austurlandi

Könnun gerð í nóvember 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Gögn og aðferðir.....	4
Niðurstöður	5
Einkenni svarhóps.....	5
Kyn	5
Aldur	5
Næsta starfstöð PNA	6
Starfsvettvangur	7
Menntun.....	7
Hve langt frá útskrift.....	8
Áhugi á frekara námi	9
Stefna á frekara nám.	9
Nám sem stefnt er á	9
Ástæður þeirra sem hafa ekki áhuga á frekara námi.	10
Áhugi á staðnámi ef það væri í boði á Austurlandi.	10
Hvaða staðnám ?	11
Athugasemdir svarenda.....	12
Samantekt	12
Lokaorð	12
Viðaukar.	13
Viðauki 1: Beiðni um þátttöku.....	13
Viðauki 2: Spurningalistinn	14
Viðauki 3: Ítrekun	16

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 87 / 2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þurfa kennarar og skólastjórnendur að ljúka meistaraþrófi í stað bakkalárþrófi áður til að öðlast starfsleyfi. Þó að áður útgefin starfsleyfi séu áfram fullgild má ætla að þessi breyting kveiki í einhverjum að bæta við sína menntun.

Markmið könnunarinnar var að kanna hvort stór hópur kennara á Austurlandi hyggi á nám og ef það er tilfellið að kanna hvort grundvöllur er fyrir því að bjóða upp á það í staðnámi.

Könnunin var unnin af Þekkingarneti Austurlands í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands haustið 2010.

Höfundur skýrslu er Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri hjá Þekkingarneti Austurlands. Stefanía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri PNA og Þóroddur Helgason fræðslustjóri Fjarðabyggðar lásu yfir spurningalista og Guðrún Á Jónsdóttir, verkefnastjóri aðstoðaði við úrvinnslu gagna og yfirlestur skýrslu.

Gögn og aðferðir

Könnunin var gerð rafrænt í gegnum www.createsurvey.com í nóvember 2010. Vefslóðin var send í tölvupósti til kennara við leik- grunn og framhaldsskóla á svæðinu frá Vopnafirði til Hafnar í Hornafirði. Netföngin voru fengin frá Skólaskrifstofu Austurlands og af heimasíðum skóla og leikskóla. Töluvert stór hluti leikskólakennara er ekki með skráð netfang en flestir grunnskólar og allir framhaldsskólarnir birta netfangalista kennara á sínum heimasíðum. Póstur var sendur til 391 kennara á svæðinu frá Vopnafirði til Djúpavogs. Á Höfn var póstur sendur á skólastjórnendur og þeir beðnir að koma honum áfram á sína kennara. Áætlað er að alls hafi 60 manns á Höfn fengið póst um að taka þátt í könnuninni.

Þó könnunin hafi verið ætluð réttindakennurum fylgdu einhver svör frá leiðbeinendum og voru þau ekki skilin frá hinum.

Í könnuninni var spurt um áform kennara um frekara nám.

Helstu þættir sem spurt var um eru:

- Áhugi á að fara í frekara nám. Ef svarið við því var jákvætt var fólk beðið að velja milli mismunandi fagsviða og námsleiða innan kennslu og menntunarfræða, en einnig gefinn möguleiki á að tilgreina annað nám.
- Spurt var hvort menn hefðu áhuga á staðnámi á Austurlandi ef það væri í boði. Þar var einnig hægt að tilgreina hvaða nám.

Að auki var spurt um bakgrunn: starfsvettvang, menntun, kyn, aldur og næstu starfstöð PNA. Spurningalistann í heild má sjá í viðauka 2.


Niðurstöður

Alls bárust 190 svör og er það 42% svarhlutfall miðað við að 60 manns á Höfn hafi fengið bréfið.

Einkenni svarhóps

Kyn


Svör bárust frá 144 konum (76%) og 42 körlum (22%), 4 (2%) gáfu ekki upp kyn (mynd 1)



Mynd 1 Kyn


Aldur

Af þeim 190 sem svara eru 71 á aldrinum 41-50 ára (37%). Á aldrinum 31-40 ára eru 50 (26%) og 35 á aldrinum 51-60 ára (18%), yngri en 30 ára eru 26 (14%) og eldri en 60 ára eru 7 (4%). Einn gefur ekki upp aldur (mynd 2).



Mynd 2 Aldur


Þegar aldursdreifing er skoðuð eftir kyni kemur í ljós að karlar sem svara virðast eldri en konur sem svara. Þannig er stærsti hluti karla (38%) í aldurshópnum 51-60 ára en flestar konur sem svöruðu (40%) eru á aldrinum 41 – 50 ára (mynd 3).



Mynd 3 Aldursdreifing svarenda eftir kyni

Næsta starfsstöð PNA


Langflestir þeirra sem svara búa í nágrenni við Egilsstaði og telja 81 (43%) það næstu starfsstöð PNA. Reyðarfjörður er í öðru sæti en 41 (22%) telja styst að fara þangað. Í þriðja sæti er Neskaupstaður en 37 (19%) svarendur búa þar. Af þeim sem svara nefna 17 Höfn sem næstu starfsstöð PNA eða 9% og 12 (6%) svarenda nefna Vopnafjörð. Tveir svara ekki (mynd 4).



Mynd 4 Næsta starfsstöð PNA

Starfsvettvangur


Meira en helmingur svarenda eða 124 (65%) starfa við grunnskóla, 36 (19%) af þeim sem svara kenna við framhaldsskóla og 29 (15%) í leikskólum. Einn gaf ekki upp á hvaða skólastigi hann starfaði (mynd 5)



Mynd 5 Starfsvettvangur


Menntun

Langstærsti hluti þátttakenda, 98 af 190 eða 52% hefur lokið B.Ed gráðu frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri. Fjörutíu og einn hefur lokið grunnháskólagráðu auk náms til kennsluréttinda eða 22% (mynd 6). Fimmtíu og þrír eða tæp 28 % hafa aðra menntun en gefin var upp í spurningunni. Nítján einstaklingar völdu tvo valmöguleika og einn valdi þrjá.



Mynd 6 Menntun


Meðal þess sem nefnt var sem önnur menntun er M.Ed frá öðrum skólum en HÍ eða HA, próf frá Fósturskóla Íslands og B.Ed frá öðrum skólum en HÍ og HA. Á mynd 7 má sjá hvaða aðra menntun svarendur tilgreina.



Mynd 7 Önnur menntun svarenda

Hve langt frá útskrift

Stærsti hópur svarenda eða 63 (33%) hafa útskrifast úr námi á síðustu fimm árum. Næst stærsti hópurinn eða 40 (21%) útskrifaðist fyrir 6-10 árum, 45 (24%) útskrifuðust fyrir 11-20 árum og 36 einstaklingar (19%) fyrir meira en 20 árum (mynd 8)




Mynd 8 Hve langt er síðan þú útskrifaðist úr námi ?

Áhugi á frekara námi

Stefna á frekara nám.


Spurningunni „Stefnir þú á frekara nám?“ svöruðu 114 eða 60% játandi og 73 eða 38% neitandi. Þrír (2%) svöruðu ekki (mynd 9).



Mynd 9 Stefnir þú á frekara nám?

Nám sem stefnt er á

Framhaldsnám (diplóma/master) í náms- og kennslufræði er sá valmöguleiki sem flestir velja eða 23. Næst stærsti hópurinn eða 21 stefnir á nám í sérkennslufræði. Fimmtán einstaklingar völdu tvo möguleika (mynd 10).



Mynd 10 Nám sem stefnt er á.

Þeir sem nefndu annað voru beðnir um nánari skýringu. Rúmur helmingur (24) voru ýmist óákveðnir eða svöruðu ekki. Fimm einstaklingar nefndu að þeir hefðu áhuga á stjórnun. Í öðrum tilfellum voru aldrei meira en 1-2 sem nefndu hvert fag. Nefnt var: Atferlisfræði, bókasafnsfræði, íþróttfræði, listnám, grafísk hönnun, nám og kennsla yngri barna, náms- og starfsráðgjöf, stærðfræði, talmeinafræði, vettvangsnám í raungreinum, viðburðastjórnun og viðskiptafræði.

Þeir sem nefndu náms- og kennslufræði voru beðnir um að nefna sérsvið sem stefnt er á. Af þeim 23 sem nefndu náms- og kennslufræði, voru 15 ýmist óákveðnir eða svöruðu ekki. Þeir sem svöruðu nefndu: Upplýsingatækni, myndmennt, stærðfræði, barnavernd, sérkennslu, kennsla yngri barna og náttúrufræði.

Í nánari upplýsingum um menntunarfræði svöruðu tveir. Annar var þegar í námi en hinn hafði áhuga á að læra eitthvað í tengslum við nám yngri barna.

Tveir af þeim sem nefndu menntastjórnun/matsfræði voru hálfnaðir með það nám.


Ástæður þeirra sem hafa ekki áhuga á frekara námi.

Af þeim sem segjast ekki stefna á frekara nám eru 14 sem meina „ekki núna“, en reikna með að það breytist, 5 eru nú þegar í námi og 3 eru nýútskrifaðir.

Aðrar ástæður sem menn nefna eru, lítið framboð, tímaskortur, aldur, stutt í starfslok, áhugaleysi, erfitt með vinnu, nóg komið af námi, vantar takkann.

Áhugi á staðnámi ef það væri í boði á Austurlandi.

Þegar spurt var um áhuga á staðnámi á Austurlandi svara 129 eða 68% því játandi en 54 eða 28% neitandi, 8 svara ekki (mynd 11).



Mynd 11 Ef boðið væri upp á staðnám á Austurlandi hefðir þú áhuga á því?

Fleiri lýsa yfir áhuga á staðnámi en þeir sem höfðu áður svarað því játandi að stefna á frekara nám. Þeir sem stefna á nám hafa hins vegar ekki endilega áhuga á staðnámi.


Af þeim þremur sem ekki svöruðu fyrir spurningunni (stefnir þú á frekara nám) svöruðu tveir því játandi að þeir hefðu áhuga á staðnámi.

Af þeim 114 sem svöruðu fyrri spurningunni játandi, voru tveir sem svöruðu ekki þeirri seinni (Ef boðið væri upp á staðnám á Austurlandi, hefðir þú áhuga á því), 103 svöruðu játandi en 9 þeirra sem stefndu á frekara nám höfðu ekki áhuga væri boðið upp á staðnám á Austurlandi. Þeir sem nefndu ástæðu voru annað hvort nú þegar í náminu eða reiknuðu með að geta ekki stundað vinnu með staðnámi.

Af þeim 73, sem sögðust ekki stefna á frekara nám sögðust 24 (33%) hafa áhuga á staðnámi ef það væri í boði á Austurlandi, 45 höfðu ekki áhuga og fjórir svöruðu ekki.

Hvaða staðnám ?

Þeir sem sögðust áhugasamir um staðnám voru beðnir að nefna hvaða námsbrautir þeir vildu sjá í staðnámi og ítrekuðu flestir eða 79 (61%) svarið úr fyrri spurningu. Þeir sem nefndu annað voru 30 (23%) og 20 (16%) svöruðu ekki (mynd 12).



Mynd 12 Hvaða staðnám ?

Það sem menn nefndu undir „Annað“ var

Aðferðafræði rannsókna, umhverfismennt, félagsfræði, fagtengt sérnám, meistaranám í leik/grunnskólafræðum, verkgreinanám, fjölmiðlafræði, náttúrufræði, tungumálanám, sálfræði, verkefnastjórnun, íþróttfræði, menntunarfræði, listnám, náms- og starfsráðgjöf, sérkennslufræði.

Eina fagið sem þarna var nefnt oftar en einu sinni var sérkennslufræði en þrír nefndu það.

Athugasemdir svarenda

Gefinn var kostur á að gera athugasemdir í lok spurningalistans og nýttu nokkrir sér það. Almennt voru athugasemdir jákvæðar utan einn sem gagnrýndi spurningarnar. Helstu atriðin sem komu fram eru:

- Það er mikilvægt að styðja kennara og nemendur í að stunda nám með starfi og að þar þarf fulltingi sveitarfélaga og skólastjórnenda
- Gott að umræðan sé komin af stað í fjórðungnum.
- Því meira námsframboð – því betra
- Þekkingarnet Austurlands er að vinna þarft starf.
- Mikilvægt að möguleikinn sé til staðar þó menn stefni ekki sjálfir á nám í augnablikinu
- Fjarnám hefur haft jákvæð áhrif á menntun kennara í landinu
- Meiri fjarfundarkennsla en staðbundin kennsla langbest.
- Væri löngu byrjuð ef boðið væri upp á staðlotur
- Mikilvægt að fá styttri námskeið
- Góð aðstaða hjá Þekkingarneti Austurlands
- Vantar fjarnám í fleiri greinum hjá HA og HÍ
- Frábært að geta stundað nám frá sinni heimabyggð

Samantekt

Þessi könnun bendir til að mikill áhugi sá á staðnámi á Austurlandi þótt hún leiði einnig í ljós að námsáhugi beinist að mörgum sviðum. Þannig er ekki ljóst af þessari könnun að stórir hópar stefni á framhaldsnám á einhverju ákveðnu sviði nema sérkennslufræði sker sig úr.

Ef lögð eru saman svör við spurningunum „Nám sem stefnt er á“, „Hvaða staðnám“ og Athugasemdum eru 25 manns sem nefna sérkennslu sem eitthvað sem þeim þykir áhugavert að læra.

Lokaorð

Framboð háskólanna á framhaldsnámi er mikið og auðvelt að ruglast á heitum þeirra. Þegar spurningarnar voru samdar var reynt að velja líklegar námsleiðir en listinn hefði orðið allt of langur ef allar hefðu verið valdar. Hugsanlega er ákveðin námsbraut frekar valin ef hún er gefin upp í valmöguleikum en ef menn þurfa að nefna hana sjálfir.

Bæði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri eru ákveðin kjarnafög sem eru skylda eða bundið val á öllum meistaranámsbrautum í kennslu- og menntunarfræði. Miðað við þessi svör ætti að vera grundvöllur fyrir því að bjóða upp á þau námskeið á Austurlandi. Í framhaldinu mætti svo bjóða upp á skyldufög í sérkennslufræði.

Óskastaðan væri að staðnámið yrði í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri þannig að þeir nemendur sem tækju námskeið hér fyrir austan ættu greiða leið inn í báða skólana með sinn grunn.

Viðaukar.

Viðauki 1: Beiðni um þátttöku.

Subject	Könnun á menntunarbörf kennara á Austurlandi
From	Sigrún Víglundsdóttir
To	
Sent	3. nóvember 2010 13:08

Kæri viðtakandi

Okkur hjá Þekkingarneti Austurlands langar að biðja þig að taka þátt í stuttri rafrænni könnun. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til að meta grundvöll fyrir því að námskeið fyrir kennara í framhaldsnámi á háskólastigi verði í boði í staðnámi á Austurlandi.

Könnunin verður send á kennara á öllum skólastigum á Austurlandi.

Það tekur 4 – 5 mínútur að svara könnuninni, hún er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklingsins sem svarar.

Könnunina er hægt að nálgast á slóðinni: <http://cs.createsurvey.com/c/62/12062/survey/15866-ELGHMI.html>

Þátttaka þín er mikilvæg og því vonum við að þú sjáir þér fært að svara fyrir 10.nóv.

Með fyrirfram þökk.

Kveðja



Sigrún Víglundsdóttir

Verkefnastjóri

Sími: 470 3830 / 868 7431

Netfang: sigrun@tna.is

www.tna.is

Viðauki 2: Spurningalistinn



Þekkingarnet Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Kyn

☐ Kona
☐ Karl

Aldur

☐ yngri en 30 ára
☐ 31-40 ára
☐ 41-50 ára
☐ 51-60 ára
☐ eldri en 60 ára

Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)



Þekkingarnet Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Næsta starfstöð Þekkingarnets Austurlands

☐ Egilsstaðir
☐ Höfn
☐ Neskaupstaður
☐ Reyðarfjörður
☐ Vopnafjörður

Til baka Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)



Þekkingarnet Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Starfsvettvangur

☐ Leikskóli
☐ Grunnskóli
☐ Framhaldsskóli
☐ Annað, hvað?

Til baka Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)



Þekkingarnet Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Menntun

☐ B.Ed frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri
☐ M.Ed frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri
☐ B.Sc./B.A. gráða auk náms til kennsluréttinda
☐ Lönnám auk náms til kennsluréttinda
☐ M.Sc/M.A. gráða auk náms til kennsluréttinda
☐ Annað, hvað?

Hve langt er síðan þú útskrifaðist úr námi?

☐ Minna en 5 ár
☐ 6 - 10 ár
☐ 11 - 15 ár
☐ 16 - 20 ár
☐ yfir 20 ár

Til baka Næsta

[Survey Powered by CreateSurvey](#)



Þekkingarnet
Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Stefnir þú á frekara nám ?

☒ Já
 ☐ Nei, Af hverju ekki?

Nám sem stefnt er á

☒ Framhaldsnám (diplóma/master í náms- og kennslufræði)
 ☐ Meistaránám í kennslufræði framhaldsskóla
 ☐ Framhaldsnám (diplóma/master) í Leikskólakennarafræði
 ☒ Framhaldsnám (diplóma/master) í menntunarfræði
 ☐ Framhaldsnám (diplóma/master) í sérkennslufræði
 ☒ Framhaldsnám (diplóma/master) í menntastjórnun / matsfræði
 ☐ Annað, hvað ?

Sérsvið í náms- og kennslufræði:

Nánar um framhaldsnám í menntunarfræði:

Nánar um framhaldsnám í menntastjórnun / matsfræði:

Survey Powered by CreateSurvey



Þekkingarnet
Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Ef boðið væru upp á staðnám á Austurlandi, hefðir þú áhuga á því?

☒ Já
 ☐ Nei, af hverju ekki?

Hvaða ?

☐ Svandi af síðustu síðu
 ☐ Annað, hvað ?

Survey Powered by CreateSurvey



Þekkingarnet
Austurlands

Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi

Annað sem þú vilt koma á framfæri

Survey Powered by CreateSurvey

Viðauki 3: Ítrekun

Subject	FW: Könnun á menntunarpörf kennara á Austurlandi
From	Sigrún Víglundsdóttir
To	
Sent	25. nóvember 2010 08:51

Góðan dag

Ég þakka þeim sem hafa svarað kærlega fyrir sína þátttöku.

Könnunin verður opin fram á mánudag 29.nóvember á slóðinni:

<http://cs.createurvey.com/c/62/12062/survey/15866-ElGHMI.html>

Þeir sem hyggja á framhaldsnám en hafa ekki svarað eru sérstaklega hvattir til að taka þátt.

Bestu kveðjur



Sigrún Víglundsdóttir

Verkefnastjóri

Sími: 470 3831 / 868 7431

Netfang: sigrun@tna.is

www.tna.is

